

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2013 SVÍPJÓÐ

ÄTA SOVA DÖ

ÁGRIP

Pegar hin unga öfluga múslimska sænsk/balkanættaða „take-no-shit“ Raša missir vinnuna í verksmiðju, stendur hún andspænis atvinnuleysiskerfinu. Án prófskírteinis, vinnu, en undir miklum áhrifum frá litla bænum sem hún ólst upp í, lendir Raša upp á kant við þjóðfélagið og þversagnakennd gildi og væntingar þess.

UM MYNDINA

Pegar Gabriela Pilcher hætti sem verkamaður í kexverksmiðju í litlum bæ í Svíþjóð til að gerast kvikmyndagerðarmaður, hafði hún einstaka lífsreynslu í farteskinu og mikla þrá til að sýna „öðruvísi“ Svíþjóð á hvíta tjaldinu, sýn um blandað þjóðfélag með ólíkum stéttum og þjóðarbrotum. Hún var ákveðin í að fara gegn ríkjandi stefnu í kvikmyndum sem einkennist af glæpum, rómantik og grínmyndum.

Með nám sitt í heimildakvikmyndagerð í farteskinu var það markmið hennar að ljá óþekktum verkamönnum sem hún hafði kynnst í dreifbýli Suður-Svíþjóðar rödd og andlit, og hún eyddi ótal tímum í að rannsaka og finna leikara sem yrðu eins á skjánum og í raunveruleikanum. Pilcher þurfti að leita í nær eitt ár að leikkonu sem hafði nægilega útgeislun til að leika Raša sem berst gegn atvinnuleysi og skrifræði á sama tíma og hún ræktar sambandið við föður sinn. Prufuleikstjóri Pilcher fann leikkonuna Nermina Lukač í félagsmiðstöð.

Áhugaleikkonan, sem er fædd í Svartfjallalandi, ber myndina á herðum sér og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir frammistöðuna, s.s. sem besta leikkona á kvikmyndahátíðunum í Sevilla og Amiens og Viasat Film Rising Star verðlaunin í Stokkhólmi 2012. Á þessu ári var Lukač valin besta leikkona á Angers' Premiers Plans kvikmyndahátíðinni í Frakklandi og á Guldbagge verðlaunahátíðinni í Svíþjóð hlaut myndin fern verðlaun, fyrir besta handrit, leikstjórn, bestu leikkonu og besta leikara í aukahlutverki (Milan Dragišić). *Äta sova dö* hlaut lof gagnrýnenda um allan heim og einnig í Svíþjóð þar sem myndin hlaut Greta verðlaunin frá samtökum kvikmyndagagnrýnenda.

HANDRITSHÖFUNDUR-LEIKSTJÓRI, GABRIELA PICHLER

Gabriela Pichler var valin ein af tíu áhugaverðustu evrópsku leikstjórunum af tímaritinu Variety, og hefur stíl hennar verið líkt við félagslegt raunsæi Dardenne bræðra og fyrstu verk Lukas Moodysson.

Gabriela Pilcher, sem er fædd í Svíþjóð árið 1980, á austurrískan föður og bosníska móður. Hún sagði upp starfi sínu í kexverksmiðju til þess að setjast á skólabbekki í kvikmyndaleikstjórnarskólanum í Gautaborg. Útskriftarstuttmynd hennar *Skrapsår* hlaut Guldbagge verðlaun fyrir bestu stuttmynd árið 2009 og fjölda alþjóðlegra verðlauna, s.s. fyrir bestu mynd á Fresh kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary. *Äta sova dö* er fyrsta mynd hennar í fullri lengd.

FRAMLEIÐANDI, CHINA ÅHLANDER

Åhlander, sem fædd er í Lundi árið 1963, kemur úr fjölskyldu sem tengist iðnaði á svæðinu. China Åhlander hefur starfað í kvikmyndageiranum frá árinu 1985 og unnið við allflestar hliðar kvikmyndagerðar, aðallega við að finna tökustaði og sem framleiðslustjóri sænskra og alþjóðlegra kvikmyndaverkefna. Fyrsta starf hennar var sem aðstoðarklippari við kvikmynd Andrej Tarkovsky *The Sacrifice* árið 1986. Hún hóf feril sinn sem framleiðandi með því að framleiða eigin heimildamyndir. Myndin *Close to the Soil* (2001) var valin besta heimildamynd á kvikmyndahátíðinni í Aspen og *Old Swedish Village* (1991) og sýnd um alla Skandínavíu.

Äta sova dö er fyrsta myndin í fullri lengd sem hún framleiðir. Næsta mynd sem hún kemur að er gamanmyndin *Gloria*, fyrsta mynd Jenifer Malmqvist í fullri lengd, en hún náði því að koma þremur myndum á Sundance kvikmyndahátíðina, þar á meðal *On Suffocation* (2013). Åhlander er einnig að vinna að sjónvarpsþáttaröð *The Malmö Syndrome* sem verður tekin upp árið 2014 og leikstýrt af Malmquist og Goran Kapetanovic (tilnefndur til Óskarsverðlauna árið 2013 fyrir *Kiruna-Kigali*).

Åhlander framleiddi *Äta sova dö* fyrir hið þekktu framleiðslufyrirtæki Anagram. Hún hefur nú stofnað sitt eigið fyrirtæki Chinema Film Sweden þar sem hún þróar eigin verkefni í samstarfi við Anagram og önnur fyrirtæki.

HELSTU FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Upprunalegur titill	Äta sova dö
Leikstjóri	Gabriela Pichler
Handritshöfundur	Gabriela Pichler
Framleiðandi	China Åhlander
Aðalhlutverk	Nermina Lukač, Milan Dragišić, Jonathan Lampinen, Peter Fält
Framleiðslufyrirtæki	Anagram
Lengd	104 mín
Dreifing innanlands	TriArt
Alþjóðleg dreifing	Yellow Affair